



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Kristín Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir í húsi Orkuveitunnar.

Sýning Gjörninga-klúbbsins hins eldri

Eftir Ásgeir Ingvarsson
asgeiri@mb.is

ÉG Á stefnumót við þrjár konur á laugardagsmorgni og er seinn fyrir. Mér liggur á að komast til fundar við þær í Gallerí 100°, húsi Orkuveitu Reykjavíkur, enda getur maður ekki látið konur á borð við Guðrúnu Kristjánsdóttur, Guðbjörgu Lind Jónsdóttur og Kristínu Jónsdóttur biða. Í Orkuveituhúsinu að Bæjarhálsi 1 hafa þær Guðrún, Guðbjörg og Kristín sett upp sýningu sem þær kalla *Straumar*.

Sameiginlegur tónn

Eftir órlítið pex ákveða Guðrún og Guðbjörg að aldursforsetinn Kristín fái að svara hvernig leiðir þeirra lágu saman: „Við höfðum tekið þátt í nokkrum samsýningum, meðal annars á sýningum sem FÍM, Félag íslenskra myndlistarmanna, stóð fyrir. Þó að verkin okkar væru kannski ekki lík, þá vorum við á sömu bylgju-lengd – einhvers konar sameiginlegur tónn í verkum okkar. Ég held, Guðrún, að þú hafir átt hugmyndina.“

Guðrún setur upp furðusvip og segir svo hlæjandi: „Var það? Asskoti er maður hugmyndaríkur!“

Frá Íslandi til Spánar

Fyrstu sýninguna, *Vetrarmynd*, héldu þær stóllur í Gallerí Man á Skólavörðustíg í desember og janúar 2001–2002. „Okkur fannst eins og þessi grunur Guðrúnar væri réttur, að verkin okkar rímuðu saman og fórum að velta vöngum yfir meira samstarfi,“ segir Kristín.

Það var síðan menningarborgarárið að almennilegur skriður komst á samstarfið. Opnuð var í Listasafni ASÍ sýningin *Andrá*, en Guðbjörg segir frá: „Við settum okkur í samband við Kristínu Guðna-dóttur, forstöðumann Listasafns ASÍ, með það í huga að búa til stærri samsýningu sem myndi ferðast út

fyrir landsteinana. Úr varð stór sýning í fjórtándualdar-kirkju í Santiago de Compostela á Spáni sem hafði verið afhelguð og breytt í sýningarsal.“

Komin var mynd á listahópinn og nafn: „Fínt nafn,“ segir Guðrún: „Andrá á íslensku, Moment á ensku og *'momaan'* á frönsku,“ bætir hún við hlæjandi. Þær grínast og bæta við að þær kalli sig stundum Gjörningaklúbbinn hinn eldri.

Sterkari saman

Listakonurnar þrjár eru vitaskuld allar sjálfstætt starfandi listamenn: „Með þessu samstarfi erum við að skapa okkur verkefni sem gera okkur kleift að þróa okkur áfram sem listamenn og þroskast,“ segir Guðbjörg. „Við búum okkur til þennan vettvang,“ bætir Guðrún við. „Og við nálgumst þetta á annan hátt en ef við værum að vinna hver fyrir sig,“ segir Kristín.

Þó mikill samhljómur sé í verkum Andrár-hópsins koma þær Guðrún, Guðbjörg og Kristín úr ólíkum áttum og spanna nærri þrjár kynslóðir: sú elsta fædd 1933 og yngsta 1961. „Frá því við höfum samstarf höfum við náttúrulega unnið hver sín verk en við höfum haft afskaplega gott samband innbyrðis, hist oft og borið saman bækur okkar,“ segir Kristín. Guðbjörg bætir við: „Og á þessari sýningu nutum við leiðsagnar Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur sem tók að sér verk sýningarstjóra. Hún leiddi með okkur nokkra góða fundi og hélt utan um okkur í þessu.“

Þær stóllur eru einróma í hrifningu sinni á Oddnýju en hún mun einnig verða sýningarstjóri á næsta verkefni Andrár-kvenna: „Ef hún verður ekki búin að gefast upp á okkur,“ bætir Guðbjörg við kímín.

Verkefnið sem var ræðir er sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins á næsta ári: „Við stefnum á að vinna okkar myndlist út frá verkum sem við verðum fyrir áhrifum af í safninu,“

upplýsir Guðbjörg. Vinnuheiti er komið á sýninguna, *Fléttur*. „Við ætlum að flétta okkur saman og fléttast saman við gömlu munina í safninu,“ útskýrir Guðrún.

Gott þegar hlíð er að listum

Á sýningunni í Gallerí 100° vinna listakonurnar þrjár með þema sem tengist óeitanlega starfseminni sem fer fram í húsinu. Eins og fyrr sagði kallast sýningin *Straumar* og vinna Guðrún, Guðbjörg og Kristín hver á sinn einstaka máta út frá vatni, flæði, farvegi og náttúru. „Það er öðrum fyrirtækjum til eftirbreytni hvernig Orkuveitan hlúir að myndlistinni,“ segir Guðrún. „Já, það er til fyrirmyndar að í svona stóru og fallegu húsi hafi frá upphafi verið lögð áhersla á listina,“ tekur Kristín undir, en strax á hönnunarstigi voru listamenn fengnir til að vinna verk inn í húsið.

Umræðan spinnst út í sýningarmál á Íslandi og berst í tal að t.a.m. er ekki óalgengt fyrirkomulag í New York að fyrirtæki og stofnanir nýti rými sem annars færu til spillis með því að opna litla sýningarsali, en njóta um leið skattfríðinda fyrir: „Þetta hefur verið talsvert í umræðunni hér,“ segir Guðbjörg um þetta mál. „Agúst Einarsson lagði fram frumvarp fyrir mörgum árum sem gekk út á það að fyrirtæki sem legðu fram fé til menningarmála fengju skattaflátt, en því miður tókst ekki að koma því í gegn.“ Kristín segir: „Í Bandaríkjunum gat jafnvel hinn almenni kaupandi fengið skattaflátt fyrir listaverkakaup. Þetta jók mjög á sölnuna, heyrði ég hjá listamönnum í New York. Eitt-hvað þessu líkt gæti orðið mikil lyftistöng fyrir listalíf hér á landi.“

Sýningin *Straumar* stendur í Gallerí 100°, sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1, til 25. október. Sýningin er opin mánu- daga til föstudaga frá 8.30 til 16.